

Nefndasvið Alþingis,
Samgöngunefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík 14. desember 2009

Efni: Umsögn um breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða,
með síðari breytingum, mál. 174.

VM undrast framkomið frumvarp um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og fer þess á leit að frumvarpið verði dregið til baka. Ríkistjórnin hefur samkvæmt samstarfsyfirlýsingu sett á fót nefnd til að endurskoða lögum um stjórn fiskveiða. Nefndin er en að störfum og ekkert af þeim breytingum sem lagt er til í frumvarpinu, verður að teljast til brynna aðgerða sem ekki getur beðið þar til nefndin hefur lokið störfum.

VM krefst þess að frumvarpið verði dregið til baka og nefndin látin ljúka störfum áður en efnislegar breytingar verða gerðar á stjórn fiskveiða.

Í 1. gr. frumvarpsins er ætlunin að leyfa þeim sem hafa leyfi til frístundaveiða, sbr. 2. tölulið 4. mgr. 6. gr. núgildandi laga að stunda jafnframt veiðar í atvinnuskyni. Með þessu virðist eiga að afhenda þeim sem stunda veiðar í atvinnuskyni, fullann aðgang að veiðiheimildum sem úthlutað er til frístundaveiða.

Í c lið 2. gr. er lagt til að augin réttindi séu færð til smábátaflotans með því að auka línuúvilnun VM ítrekar þá skoðun sína að línuúvilnun eigi alfarið að afnema.

Í d lið 2. gr. er lagt til að ráðherra geti í reglugerð gert skylt að ákveða hlutfall af uppsjávarfiski verði unnið til manneldis. VM telur að ef stjórn veiðanna er í lagi munu allar útgerðir reyna að hámarka aflaverðmætið sem hægt er að fá út úr þeim aflaheimildum sem viðkomandi útgerð hefur.

Í 3. grein frumvarpsins er ekkert sem leysir þau vandamál sem frjálsa framsalinu fylgir. VM telur því að bíða eigi eftir tillögum nefndarinnar um breytingar á stjórn fiskveiða.


Í ákvæði til bráðabirgða I er gert ráð fyrir því að ráðherra bæti við sérstaklega 2.000 tonnum af skötusel við úthlutaðar veiðiheimildir í þessari tegund á þessu fiskveiðiári. Sama á að gera á næsta fiskveiðiári. Þessum veiðiheimildum á ekki að úthluta skv. reglum núgildandi laga um stjórn fiskveiða heldur á að selja veiðiheimildirnar sérstaklega. Þarna er verið að fara þvert á vísindalegar ráðleggingar Hafrannsóknarstofnunar, sem teljast verður undarlegt, þar sem þær hafa verið grundvöllur fyrir allri ráðgjöf varðandi heildarafla hvernar fisktegundar fyrir sig. VM telur að þarna sé verið að taka upp vinnubrögð sem geta verið mjög skaðleg til framtíðar.

Í ákvæði til bráðabirgða II er lagt til að leyfilegum heildarafla í karfa verði skipt upp í gullkarfa og djúpkarfa. VM ítrekar þá skoðun sína að nefnd um endurskoðun á stjórn fiskveiða móti tillögur í þessu eins og öðru.

Að lokum vil VM koma þeirri nálgun að í málinu, að sóknin á miðinn á að þjóna vinnslunni en ekki öfugt. Vegna veðráttu við Ísland verður ekki hægt að vera með skinsamlega sókn allt árið á smábátum, sem eingöngu geta verið að veiðum í góðu veðri, sem gerir allt framboð mjög erfitt og óreglulegt fyrir vinnslur í landi.

VM ítrekar því skoðun sína að ráðherra dragi frumvarpið til baka og leyfi nefnd um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða að ljúka störfum og koma með sínar tillögur um breytingar á lögnum. Hvað liggur svona mikið á að koma með þessar breytingar nú þegar allt málið er í endurskoðun er óskiljanlegt.

Virðingafyllst,
f.h. VM – Félags vélstjóra og málmteknimanna


Guðmundur Þ. Ragnarsson, formaður VM.